

4. Ber að útvega framburð hins ákærða um, hvar hann hafi handsamað kindur þær, er hann í öðrum og þriðju göngum síðastliðið haust kastaði eign sinni á, hvort hann hafi tekið þær í fjárhúsum, kvíum eða úti á víðavangi í búfjárhögum á Hrafnagili, og hvort þær hafi komið sjálfkrafa í heimafjeð, eða verið reknar þangað, eða orðið þar eptir úr rekstri.
5. Ber að útvega skýrslu Solveigar Brynjólfsdóttur og Valgerðar Sigurðardóttur fyrir rjetti um, hvort þær í haust er var hafi misst nokkra sauðkind, og hafi það verið, hvernig markið hafi verið á þeim.
6. Svo ber hjeradsdómaranum og að útvega aðrar þær skýrslur og sannanir, sem hinar framan-heimtuðu skýrslur kunna að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Hjeradsdómaranum ber að útvega skýrslur þær, sem að framan um getur, svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 23. maímán.

Nr. 28/1886.

Rjettvísinn

gegn

Ásmundi Jónssyni.

Dómur:

Eptir að hinn ákærði, Ásmundur Jónsson, er stóð í skuld við kaupmann Tulinius á Eskifirði um rúmar 600 krónur, hafði fyrir hlutaðeigandi sættanefnd, hinn 21. júlímán. 1885, gjört þann samning við Tulinius um greiðslu skuldarinnar, að hann skyldi greiða 200 kr. innan hálfsmánaðar frá dagsetningu sáttargjörðarinnar, og síðan

mánaðarlega 100 kr. til 10. desember 1885, og það, sem þá væri eptir af skuldinni, innan ársloka, — gaf hann út skriflega yfirlýsingu, dags. 14. okt. s. ár, þess efnis, að Jón Vilhjálmsson, vinnumaður hans, væri eigandi að allri búslóð hans, innan- og utanstokks, lifandi og dauðri, að undanskildum nokkrum gripum og sauðkindum, er aðrir voru lýstir eigendur að, en Jón Vilhjálmsson þessi átti þá innistandandi hjá honum eptirstöðvar kaupgjalds fyrir síðastliðin 9 ár, að upphæð 623 kr. 50 aur, og auk þess hafði hann tekið að sjer að greiða fyrir Ásmund kaup annara vinnuhjúa hans fyrir 2 undanfarin ár, samtals 230 kr. — Með því að Ásmundur eigi stóð í skilum við Tulinius eptir sáttargjörðinni 21. júlí 1885, heimtaði Tulinius að fjárnám yrði gjört í eigum hans fyrir skuldinni, en þegar til þess kom, að fjárnámið yrði gjört, var framlagt yfirlýsingarskjalið 14. okt. 1885, og varð því ekkert úr fjárnámsgjörðinni, en Tulinius krafðist þess þá, að Ásmundur yrði lýstur gjaldþrota, og var bú hans samkvæmt því tekið fyrir til skiptameðferðar sem protabú hinn 21. okt. 1885, og kom það þá í ljós, að það nægði eigi til skuldalúkningar. Þegar þessir mála- vextir voru tjáðir amtinu, var fyrir skipuð opinber máls- höfðun gegn Ásmundi Jónssyni fyrir brot á móti 263. grein í almennum hegningarlögum 25. júní 1869, og var sök sú dæmd í aukarjetti Suður-Múlasýslu hinn 22. júní f. ár með þeim úrslitum, að Ásmundur var dæmdur sýkn saka og málskostnaður lagður á hið opinbera, þar með talin málsvarnarlaun til svaramanns ákærða í hjeraði 4 kr. — Dómi þessum hefur hlutaðeigandi amt- maður áfrýjað til yfirdómsins.

Hinn ákærði hefur að vísu kannast við það, að honum hafi verið það ljóst, þegar hann gaf út yfirlýsingar-

skjalið 14. okt. 1885, að hann þá eigi átti fyrir skuldum, og að hann eigi gat efnt borgunar-loforð sín til Tuliniusar, en á hinn bóginn hefur hann borið það fastlega fram, og hefur þeim framburði hans eigi verið hnekkt, að honum hafi ekki komið til hugar, að Tulinius mundi ganga svo hart að sjer, að hann mundi heimta bú hans tekið til skipta sem protabú; og það verður ekki heldur eptir atvikum málsins staðhæft, að ákærði hafi, þá er hann gaf út ný-nefnt skjal, hlotið að sjá fyrir, að gjaldprotið vofði yfir, því að það er ótítt hjer á landi, að kaupmenn láti lýsa viðskiptamenn sína gjaldprotu, þegar svo ber undir, að þeir eigi standa í skilum, en það er komið fram í málinu, að hinn ákærði hafi allan sinn búskap verzlað við Tulinius.— Hinn ákærði hefur nú enn fremur borið það fram, — og er engin ástæða til að rengja þann framburð hans, — að hann hafi álitíð, að öll skuld Jóns Vilhjálmssonar og skuldir þær, er hann tók að sjer til lúkningar, væru forgangsskuldir að lögum, og að upphæð þessara skulda mundi sem næst jafngilda andvirði fjármunanna, er Jón var lýstur eigandi að; en þá verður eigi heldur með rökum sagt, að hinn ákærði hafi gefið út skjalið 14. okt. 1885 í því skyni, að draga ólöglega taum Jóns Vilhjálmssonar til tjóns fyrir hina skuldheimtumennina, og gjörir það í þessu efni engan greinarmun, að skoðun ákærða um forgöngurjett kaupskuldanna eigi var lögum samkvæm, að því er alla skuld Jóns snerti.

Samkvæmt ofanrituðu verður yfirdómurinn að vera hjeradsdómaranum samdóma um það, að hinn ákærði sje eigi orðinn sannur að sök um, að hafa gjörzt sekur í broti gegn 263. gr. hegningarlaganna, og ber því að dæma hann sýknan, eins og hjeradsdómarinn hefur

gjört. Allur sakarkostnaður bæði í hjerði og fyrir yfirdómi greiðist af almannafje, þar með talin laun verjanda fyrir aukarjettinum, sem þykja hæfilega ákveðin af undirdómaranum 4 kr., og málfutningslaun sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 kr. til hvors.

Rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus, og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Ákærði, Ásmundur Jónsson, á að vera sýkn af ákæru sóknarans í máli þessu. Allur löglegur kostnaður af málinu greiðist af almannafje, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjerði, Lárusar Halldórssonar, 4 krónur, og málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Jóns landritara Jenssonar, 10 krónur til hvors þeirra.

Nr. 22/1887.

Kristján Ó. Þorgrímsson
gegn
E. Egilsson.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkur-kaupstaðar, upp kveðnum 10. dag júlímán. 1884, var hinn stefndi, Egill Egilsson, dæmdur til þess að greiða áfrýjandanum, Kristjáni Ó. Þorgrímssyni, 103 kr. 16 aur. með 5% árs-vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags, og 15 kr.